



Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2011.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2011. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2011, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að	kr. 2.460.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að	kr. 3.440.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að	kr. 2.460.000- til kr. 2.830.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að	kr. 3.440.000- til kr. 3.840.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að	kr. 2.830.000- til kr. 3.290.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að	kr. 3.840.000- til kr. 4.580.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt **staðfestu afriti af skattaframtali 2011** og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

- A.) Íbúðir
Sorphirðugjald kr. 27.400- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur	a) kr.	27.400-
	b) kr.	75.300-
	c) kr.	137.300-
	d) kr.	251.900-
	e) kr.	491.500-
	f) kr.	745.300-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2011, sem heimilt er samkv. lögum.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.